

Samskipta- og siðareglur starfsmanna [lífeyrissjóðs] vegna umsjónar fjármuna og eignastýringar

Stjórn [lífeyrissjóðs] og starfsmenn hans gera sér ljósa þá ábyrgð sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Umsjón fjármuna og eignastýring felur í sér samskipti við aðila á fjármáلامarkaði og útgefendur verðbréfa. [Lífeyrissjóður] leggur áherslu á að starfsmenn sjóðsins rækti slík samskipti í þeim tilgangi að vera sem best í stakk búnir til að sinna starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn. Með því er það mat stjórnar að betur takist að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma.

Stjórn [lífeyrissjóðs] áréttar mikilvægi þess að slík samskipti byggi á almennum grunnreglum sem tryggja gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga. Í þeim tilgangi hefur stjórn [lífeyrissjóðs] samþykkt samskipta- og siðareglur starfsmanna vegna umsjónar fjármuna og eignastýringar. Þær eru hluti af ráðningarsamningi starfsmanns. Með undirritun ráðningarsamnings skuldbindur starfsmaðurinn sig til að hlíta reglunum eins og þær eru á hverjum tíma.

1. Góðir starfshættir

Starfsmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni. Öll störf og aðrar athafnir skulu miða að því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar.

Starfsmenn skulu ávallt gæta þess utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem getur vakið efa um hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaðað ímynd sjóðsins.

Starfsmönnum ber að forðast hvers konar hagsmunarárekstra milli starfa þeirra og annarra athafna eða tengsla við utanaðkomandi aðila.

2. Ferðalög

Eðlilegt er að starfsmenn lífeyrissjóðsins sækja kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar sem skipulagðir eru af þjónustuaðilum og til þess fallnir að afla sjóðnum upplýsinga um viðskiptatækifæri eða valkosti í eignastýringu. Efni fundanna verður að

vera stutt gögnum sem eru til reiðu á fundunum. Skal gögnunum haldið til haga í minnst eitt ár.

Vettvangur fundanna ætti ekki að krefjast ferðalaga umfram það sem nauðsynlegt getur talist. Sjóðurinn skal að jafnaði bera kostnað vegna ferða og gistingar.

Bjóði skipuleggjendur upp á útivistar- eða skemmtiatriði, svo sem íprótta- eða menningarviðburði, í tengslum við slíka fundi skulu þeir viðburðir vera almennt viðeigandi og ganga sem minnst á hefðbundinn vinnutíma.

3. Gjafir og boð

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum lífeyrissjóðsins. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum eða þegar um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við lífeyrissjóðinn. Einnig boð á menningar- eða ípróttaviðburði á starfssvæði sjóðsins, enda sé gætt hófs í umgjörð og viðurgjörningi. Ennfremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

Sé starfsmaður í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf eða boð skal hann leita álits framkvæmdastjóra.

4. Viðurlög

Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn.